

VIII. kafla siglingalaga nr. 66/1963 þykir aðstoð Ármanns hæfilega metin sem 5 hundraðshlutar af heildarstarfi við björgunina, og ber að greiða honum aðstoðina í því hlutfalli. Við þessa niðurstöðu er einnig höfð í huga stærð skipanna, þar sem m/s Már er 493 brúttórúmllestir, m/b Hringur 80 og Ármann 6. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu in solidum til þess að greiða stefnanda kr. 36.250, auk vaxta, eins og krafist er í stefnu, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 15.000.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Jónas Gunnarsson, Haraldur Guðmundsson, Björn M.L. Kristjónsson og Kristján Guðmundsson, greiði stefnanda, Kristjáni Sigurði Bjarnasyni, in solidum kr. 36.250 auk 45% ársvaxta frá 15. nóvember 1982 til stefnubirtingardags hinn 19. janúar 1983, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 15.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. nóvember 1985.

Nr. 15/1984. **Hóþferðir s/f og**
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f
 (Haraldur Blöndal hrl.)
 gegn
Ragnari Stefánssyni
 (Stefán Pálsson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason og Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari.

Máli þessu skutu áfrýjendur til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1984. Áfrýjendur krefjast aðallega þess, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi

í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að áfrýjendur verði einungis dæmdir til að greiða hluta af hinn tildæmdu fjárhæð, en málskostnaður falli niður í héraði. Krafist er málskostnaður fyrir Hæstarétti í varakröfu.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eins og í héraðsdómi greinir, átti ökumaður bifreiðarinnar A 2004 sök á óhappinu. Rekstur hrossanna eftir veginum fór ekki í bága við ákvæði 64. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Hefur eigi verið sýnt fram á atvik, er leiði til lækkunar fébóta samkvæmt 3. mgr. 67. gr. sömu laga. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að dómvexti ber að greiða frá 16. júní 1983.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda 19.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að 42% ársvexti skal reikna frá 29. janúar 1983 til 16. júní sama ár, en dómvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur, Hópferðir s/f og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnda, Ragnari Stefánssyni 19.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 27. október 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ.m. að afloknum munnlegum málflutningi þann sama dag, hefur Benedikt Ólafsson hdl. Akureyri höfðað með stefnu, útgefinni á Akureyri 23. mars 1983, en birtri og þingfestri 16. júní 1983, f.h. Ragnars Stefánssonar, nnr. 7182-7666, Hrafnagilsstræti 29, Akureyri, á hendur Hópferðum s.f., nnr. 4295-0963, Lönguhlíð 8, Akureyri, og Sjóváttryggingarfélagi Íslands h.f. nnr. 8134-7344, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 27.500,00 með hæstu dómvöxtum frá 29. janúar 1983 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati réttarins, en þó eigi lægri en samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu gera þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, en til vara, að stefndu verði einungis dæmdir til þess að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar, en málskostnaður falli niður.

Málsatvik eru þau samkvæmt gögnum málsins, að laugardaginn 29. janúar 1983, klukkan 20:07, var lögreglunni á Akureyri tilkynnt um, að bifreiðinni A 2004, Mercedes Benz, sendiferðabifreið í eigu stefnda Hópfarða s.f. og ábyrgðartryggð hjá stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f., hefði verið ekið á hrossahóp á Eyjafjarðarbraut vestri neðan við Kristnes. Ökumaður bifreiðarinnar var Kristinn Kristinsson, Melasiðu 10F, Akureyri, fæddur 20. júní 1957, en tilkynnandi var Ómar Jakobsson, Litluhlíð 6F, Akureyri, og hafði hann símasamband frá bænum Laugabrekku í Hrafnagilshreppi.

Ómar tjáði lögreglu, að hann hafi verið á leið til Akureyrar með um 20 hross, þrír menn rekið hópinn með sér. Hafi hann og annar til farið á undan, tveir á eftir, og allir reiðmenn verið í endurskinsvestum. Ómar kvaðst hafa haft hópinn á veginum og verið talsvert á undan til að hægja á umferð á móti. Er hópinn var við Kristnes, kom bifreið á móti og var með lágan ljósgeisla að sögn Ómars. Ómar kvaðst hafa veifað til bifreiðarstjórans, en hann ekið áfram framhjá honum og inn í hrossahópinn. Þar hafi bifreiðin lent á tveimur hrossum, annað drepist strax en hitt slasast eitthvað, en ekki vitað hversu alvarlega.

Lýsing lögreglu á búnaði bifreiðarinnar A 2004 var þannig, að hún hafi verið búin snjóhjólbörðum á öllum hjólum svo og haft keðjur á báðum afturhjólum. Hámarkshraði á akbraut var 70 km á klst., en uppgefinn ökuhraði ökumanns 50 km á klst. Á slysstað ríkti almennur umferðarréttur, myrkur var, lýsing slæm, skýjað, snjókoma, yfirborð vegar malborið, hálka á vegi og snjór.

Mánudaginn 31. janúar kom á lögreglustöðina á Akureyri ökumaður bifreiðarinnar A 2004 og skýrði svo frá ferð sinni. Hann kvaðst hafa ekið suður Eyjafjarðarbraut og tekið eftir manni á hesti, rétt áður en hann kom að hópnum. Hann kvaðst hafa hægt ferð og sveigt út á kantinn til hægri, en þá var orðið það stutt í hrossahópinn, að óhapp varð ekki umflúið. Hafi hann séð undanreiðarmanninn veifa til sín og þess vegna farið að hægja ferð, hafi hann ekið með háum ljósgeisla og lækkað í þann mund er hann mætti mannum. Hann kvaðst vilja taka fram, að hann teldi undanreiðarmanninn ekki hafa verið nægilega langt á undan hópnum. Hafi mikil snjókoma verið og slæmt skyggni, er óhappið varð.

Eigandi hestsins, er drapst í óhappinu, var stefnandi, Ragnar Stefánsson. Verður nú rakinn framburður vitna hér fyrir dómi um nánari atvik.

Vitnið Magnús Hreinn Jóhannsson bifreiðarstjóri, Lönguhlíð 5, Akur-

eyri, fæddur 28.10. 1944, skýrði svo frá, að fjórir rekstrarmenn hefðu rekið um 20 hross á leið til Akureyrar, en þeir hafi verið að koma úr hrossasmölun úr Djúpadal í Saurbæjarhreppi og hafi tveir riðið fyrir rekstrinum og tveir á eftir og hafi hann verið annar þeirra, er á eftir fór, en hinn verið Sigurlaug Stefánsdóttir og hafi allir rekstrarmenn verið ífærðir endurskinsvestum. Hafi þeir, sem undan riðu, verið stefnandi og Ómar Jakobs-son og hafi annar þeirra riðið þónokkuð á undan stöðinu, en hinn fast á undan hrossunum. Hríðarveður hafi verið og skyggni það lítið, að ekki hafi verið hægt að aka bifreið með háum ljósum, en færð góð og vegur því nær auður. Hafi hrossin verið í þyrpingu á veginum, þ.e.a.s. frekar dreifð. Hafi bifreiðinni A 2004 verið ekið viðstöðulaust, að því er virtist, inn í hrossahópinn, en henni verið ekið á lítilli ferð, ca 40 km hraða á klst. og bifreiðin lent á tveimur fremstu hrossunum og þá stöðvað. Hafi annað hrossið, er ekið var á, hafi hann sjálfur átt (sic) og hafi hann sett endurskinsborða á annan framfót þess í upphafi rekstrar, en merkið farið af, áður en óhappið varð, en engin önnur hross hafi verið auðkennd með endurskinsmerkjum. Bar vitnið, sem kvaðst vera reyndur hestamaður, að reksturinn hafi gengið eðlilega fyrir sig og hafi ökumaðurinn á bifreiðinni A 2004 viðurkennt alla sök á óhappinu þarna á staðnum. Vitnið upplýsti að báðir hestarnir, er ekið var á, hafi þeir komið með héðan úr bænum (sic), en ekki verið smalað af dalnum, og upplýsti einnig, að hann hefði fengið greitt frá stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f. $\frac{2}{3}$ hluta af umsömdu matsverði hrossins, kr. 19.000,00, auk þess þá fjárhæð, sem skrokku-urinn lagði sig til innleggs í sláturhúsi og hafi það verið milli kr. 5-6.000,00. Hann kvaðst ekki hafa nennt að standa í þrasi lengur um bætur og því gengið að þessu, en telja hrossið óbætt að hluta.

Vitnið Sigurður Ómar Jakobsson verkamaður, Seljahlíð 13H, Akureyri, fæddur 11.11. 1955 bar hér fyrir dómi, að hann hefði riðið á undan hópnum ca 30-40 metra. Hafi hann veifað bifreiðinni og verið viss um það, að ökumaðurinn hafi séð hann. Vitnið kveðst hafa verið komið upp á hæðina fyrir sunnan Laugabrekku, en reksturinn verið í slakkanum fyrir sunnan. Hafi hann snúið hestinum og hugsað sem svo, að ökumaðurinn slægi ekki einu sinni af. Hafi bifreiðinni verið ekið hægt og vikið fyrir honum, en sveigt aftur inn á veginn. Hafi bifreiðin stefnt á Ragnar, en hann vikið og hafi það engum togum skipt, bifreiðin hafi lent á tveimur hrossum. Hafi meiri hluti hrossanna verið á hægri kanti og nokkur inni á vegi eins og gengur, en þau hafi alls verið um 20. Hafi skyggni verið mjög lítið vegna snjókomu, en hann hafi aldrei riðið það langt á undan hópnum, að hann hafi ekki séð öftustu rekstrarmennina. Er óhappið varð hafi honum virst Ragnar hafa verið á móts við eða ca samhliða fremsta hesti. Kvaðst hann hafa séð framfyrir sig ca 100 metra.

Stefnandi, Ragnar Stefánsson, starfsmaður Rafveitu Akureyrar, fæddur 01.05. 1923 skýrði frá atvikum hér fyrir dómi á sama hátt og fyrir lögreglu þann 23. febrúar 1983, en hann kvaðst hafa verið einn af fjórum, sem voru á ferð með hrossahóp úr Saurbæjarhreppi á leið til Akureyrar. Hafi hann verið á undan hópnum, sem var um 20 hross, ásamt Ómari Jakobssyni. Hafi þeir haft þann hátt á, að Ómar var alllangt á undan hópnum, en stefnandi ca 6-10 metra framan við hrossahópinn, en Ómar síðan verið um 20 metra fyrir framan stefnanda. Tveir af rekstrarmönnum hafi svo verið á eftir hópnum og allir verið íklæddir orangeliðum glitvestum. Hafi hestarnir verið reknir eftir hægri vegarbrún, og er bifreiðin kom á móti, þá hafi henni verið ekið með lægri ökuljósum, enda snjócoma það mikil, að hann taldi hæpið, að ökumaður hefði getað ekið með hærri ökuljós. Er bifreiðin kom á móts við stefnanda, þá hafi henni verið ekið fremur hægt, eða á ca 40 km hraða á klst. Hafi hann ekki átt von á öðru en að allt gengi með eðlilegum hætti, en þá hafi hann heyrt skell fyrir aftan sig. Er hann sneri við, hafi hann séð, að bifreiðin hafði lent á hrossahópnum með þeim afleiðingum, að einn hestur drapst og annar slasaðist. Hafi lögreglan verið kölluð á vettvang og athugað aðstæður, en vegna þess að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið tímabundinn, hafi verið tekið tillit til þess og hann farinn af vettvangi, er lögreglan kom, en lögreglan hafi kannað aðstæður á vettvangi. Er þetta gerðist, hafi verið mikil snjócoma. Hafi rekstrarmenn viðhaft alla þá varúð, sem hægt hafi verið í þessu tilfelli, hins vegar hafi aðstæður verið slæmar vegna snjókomu og hálku á veginum. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa orðið var við, að bifreiðin A 2004 hafi dregið úr ferð, áður en henni var ekið inn í hrossahópinn, en tók fram, að bifreiðin hafi verið á lítilli ferð og hafi hann ekki þurft að víkja undan henni. Stefnandi upplýsti, að hrossið, sem hann missti, hafi verið grátt eða svo til hvítt, en aðeins dekkra á tagl og fax. Hann upplýsti, að hrossin hafi ekki verið sérstaklega merkt.

Vitnið Kristinn Kristinsson hjólbarðaviðgerðarmaður, Melasiðu 10F, Akureyri, fæddur 20.06. 1957, ökumaður bifreiðarinnar A 2004, skýrði svo frá hér fyrir dómi, að hann hafi ekið bifreiðinni með háum ljósum, er hann mætti manni á hesti í endurskinsvesti og hafi hann þá lækkað ljósin og dregið úr ferð. Maðurinn hafi veifað sér og hann strax ályktað, að þar væri hrossarekstur á ferð, en það hafi engum togum skipt, að hann hafi verið kominn í hrossahópinn og ekið á tvö þeirra. Hann kvaðst hafa ekið á ca 50 km hraða á klst. er hann mætti fyrsta rekstrarmanninum og vikið til hægri og dregið úr hraða og verið því nær stöðvaður, er óhappið varð, en taldi, að óeðlilega stutt hafi verið á milli fremsta manns og stóðsins. Um nánari staðsetningu á slysstaðnum bar lýsingu hans saman við framburð vitnisins Sigurðar Ómars Jakobssonar. Vitnið sagði, að eins og staðið

var að rekstrinum á þessum stað, hefði að sínu mati ekki verið komist hjá þessu slysi. Nánar um áreksturinn kvaðst hann fyrst hafa ekið framhjá tveimur hrossum og þá hafi hann klossbremsað og þá hafi bifreiðin runnið á fullbremsuðum hjólum ca eina billengd og verið við að stöðva er þrjú hross lentu framan á bifreiðinni og hafi hann þá verið á hægri kanti vegarins og það utarlega, að fram- og afturhjól hafi verið við það að lenda út af veginum, en bifreiðin hafi verið á keðjum á afturhjólum. Hann kvað hrossin hafa verið dreifð um allan veg.

Málsástæður stefnanda eru þær, að bifreiðarstjórinn A 2004 (sic) hafi valdið tjóninu með gálauslegum akstri, er hann ók bifreið sinni í snjókomu, hálfu og slæmu skyggni á svo miklum hraða, að hann náði ekki að stöðva á þeirri vegalengd, frá því að hann varð undanreiðarmannsins var, til þess er hann ekur inn í hrossahópinn. Stefnandi og meðreiðarmenn hans hafi hins vegar viðhaft allar þær varúðarráðstafanir, sem hægt var að ætlast til af þeim. Lagarök um bótaábyrgð og aðild stefndu styður stefnandi með vísan í 49. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og til 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. sömu laga að því er varðar eiganda A 2004, en 74. gr., 2. mgr., og 70. gr., 1., 2. og 3. mgr., sömu laga að því er varðar váttryggingarfélagið.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga, en með því að reka hross eftir fjölförnum þjóðvegi við slíkar kringumstæður sem hér að framan er lýst, hafi rekstrarforingjar sýnt af sér slíkt gáleysi, að rétt sé að fella niður bætur samkvæmt hinni hlutlægu bótareglu 1. mgr., þá sé enn fremur rétt að benda á, að sá hestamanna, sem Kristinn sá, var í glitvesti, hins vegar hafi enginn hinna lausu hesta verið með glitmerkjum, hvorki í tagli né ennistoppi, en slík varúðarráðstöfun þykir sjálfsögð nú til dags. Ekkert komi fram í málinu um, að ökumaður A 2004 hafi ekið óvarlega. Hins vegar hafi rekstrarforingjar með því að reka hross í svo vondu veðri sem raun bar vitni og eftir fjölförnum þjóðvegi brotið gegn skýrum ákvæðum umferðarlaga, einkum 37. gr. og 64. gr. Verði ekki fallist á sýknukröfu, er því haldið fram, að færa eigi bótafjárhæð niður samkvæmt 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga og láta stefnanda bera tjón sitt að meginhluta sjálfan.

Í máli þessu er samkomulag með aðiljum um sjálfa stefnufjárhæðina, kr. 27.500,00, en lögmaður stefndu benti á í málflutningi, að krafa stefnanda bæri eingöngu almenna sparisjóðsvexti fram að stefnubirtingardegi og síðan dómvexti frá þeim degi, sbr. lög nr. 56 frá 1979.

Álit dómsins.

Af framburðum vitna hér fyrir dómi verður að telja það sannað, að tveir rekstrarmenn hafi farið fyrir oftnefndum hrossahóp, er verið var að reka hann af afrétt til Akureyrar. Fyrri gæslumaðurinn, Sigurður Ómar Jakobs-son, virðist samkvæmt gögnum málsins hafa verið nokkurn spöl á undan

hópnum og stefnandi rétt við hópinn. Allir rekstrarmenn voru í glitvestum. Vitnið Sigurður Ómar gaf ökumanni bifreiðarinnar A 2004 merki, er þeir mættust, og skildi ökumaðurinn merkjagjöfina svo, að hrossahópur væri framundan. Sannað er, að skyggni var lítið og vegur háll. Rekstrarmenn áttu ekki langa leið í áfangastað og eðlilegt, að þeir vildu hýsa hrossin hér í bænum. Ekki er hægt að meta þeim það til sakar, þó að þeir héldu áfram för í þessu veðri, en upplýst var, þó að ekki væri það bókað, að snjókoman hafi skolið á rekstrarmenn við Hrafnagil skammt fyrir sunnan árekstrarstaðinn (sic). Telja verður, að rekstrinum hafi fylgt nægilega margir gæslumenn og hafi auðkenningu á þeim í engu verið áfátt, en hins vegar verður að telja, að viðbrögð ökumanns bifreiðarinnar A 2004 hafi ekki verið nægjanlega markviss, er hann mætti forustumanni þeirra rekstrarmannanna, eins og aðstæðum var háttað. Honum hafi borið að aka hægt og sýna ýtrustu varkárni við þessar aðstæður og þykir með akstursmáta sínum hafa brotið gegn brýnum ákvæðum 1. mgr. 49. gr. og 3. mgr. stafl. b, e, f, i og m sömu greinar, og ber því með vísan til 1. mgr. 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 70. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 74. gr. sömu laga að leggja alla fébótaábyrgð á slysi þessu á stefndu. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefndu að greiða stefnanda kr. 27.500,00 með 42% ársvöxtum frá 29. janúar 1983 til 16. júní 1983, en með dómvöxtum frá þ.d. til greiðsludags og kr. 12.174,00 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Hópfærðir s.f. og Sjóváttryggingarfélag Íslands h.f., greiði in solidum stefnanda, Ragnari Stefánssyni, kr. 27.500,00 með 42% ársvöxtum frá 29.01. 1983 til 01.06. s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 12.174,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.